

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

648. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. maí 2010 kl. 12:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við umhverfisstjóra.
2. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
3. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Dragnótaveiðar.
4. Bréf samtaka dragnótamanna.
5. Bréf Skipulagsstofnunar.
6. Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.
7. Bréf Júlíusar M. Baldurssonar.

Afgreiðslur:

1. Umhverfisstjóri er mætt til fundar með byggðarráði. Farið var yfir möguleg úrræði fyrir ungt fólk án atvinnu og þátttöku sveitarfélagsins í átaksverkefni á vegum ríkisins, Vinnumálastofnunar og fleiri aðila. Umhverfisstjóra falið að vera áfram í samskiptum við aðila á vegum ríkisins um atvinnuátaksverkefni.
2. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til fundarins. Sveitarstjóri og forstöðumaður tæknideildar gerðu byggðarráði grein fyrir fundi sem haldin var í sl. viku með eigendum býla norðan Hvammstanga í tengslum við hugmyndir um lagningu hitaveitu að Lindarbergi. Fyrir liggur að fjórir af þeim sex aðilum sem um ræðir hafa skilað inn umsókn um að tengjast hitaveitu. Áætlaður framkvæmdakostnaður er kr. 8,5 millj. Byggðarráð samþykkir að ráðast í framkvæmdina og felur tæknideild að leita tilboða í verkið. Áætluðum framkvæmdakostnaði er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar Hitaveitu Húnaþings vestra.
3. Fram lögð drög að umsögn Húnaþings vestra við bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um takmarkanir á dragnótaveiðum. Sveitarstjóra falið að senda umsögnina til ráðherra.
4. Til kynningar lagt fram bréf samtaka dragnótamanna. Í bréfinu kynna samtökin sjónarmið sín gagnvart áformum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um takmörkun dragnótaveiða.
5. Fram lagt bréf Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar á framkvæmd Vegagerðarinnar um lagningu vegar að fyrirhugaðri námu við Húsaborg í Húnaþingi vestra. Byggðarráð vísar erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
6. Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands lagt fram til kynningar en þar eru kynntar upplýsingar um Styrktarsjóð félagsins.
7. Lagt fram bréf Júlíusar M. Baldurssonar þar sem hann gerir grein fyrir tjóni sem varð á fasteignum og bústofni landnámsþænsna í bruna á Tjörn á Vatnsnesi þann 28. mars sl. Í bréfinu óskar Júlíus eftir stuðningi við endurreisn bygginga og bústofns. Byggðarráð hafnar erindinu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Fram lögð drög að húsaleigusamningi milli Húnaþings vestra og Flugleiðahótela ehf. um leigu húsnæðis Laugarbakkaskóla til reksturs sumarhótels. Samningurinn nær til

næstu þriggja sumra þ.e. 2010, 2011 og 2012. Meðfylgjandi samningsdrögunum er minnisblað um framkvæmdir og innkaup Flugleiðahótela á samningstímanum. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.

9. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 21. apríl sl. auk samantektar um þróun opinberra starfa á Norðurlandi vestra milli áranna 2008 og 2009. Byggðarráð lýsir vonbrigðum sínum með þróun opinberra starfa á Norðurlandi vestra og tekur undir ályktun stjórnar SSNV um sama efni frá 21. apríl sl.
10. Fram lögð kjörskrá v/ sveitarstjórnarkosninganna þann 29. maí 2010. Á kjörskrá eru alls 829 einstaklingar, 416 karlar og 413 konur. Byggðarráð samþykkir kjörskrána og felur sveitarstjóra áritun hennar og framlagningu.
11. Dreifnám frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Hvammstanga. Helga Hinriksdóttir, verkefnisstjóri Þekkingarseturs á Hvammstanga mætti til fundarins og kynnti þær upplýsingar sem hún hefur aflað um mögulegan áhuga ungmenna í héraðinu fyrir dreifnámi frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Hvammstanga komandi haust. Eftir ítarlegar kannanir meðal foreldra og ungmenna liggur fyrir að ekki er nægilegur áhugi til að boðið verði uppá umrætt nám. Byggðarráð samþykkir að taka mál þetta upp að nýju í samráði við stjórnendur fjölbrautaskólans v/ vorannar 2011.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:55

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Elín R. Líndal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).